# Virði I

Hlutabréfasjóður

30. apríl 2026



Fannar Jónsson

Sjóðstjóri

## Um sjóðinn

**Akta Virði I** er sérhæfður sjóður sem hefur það að markmiði að nýta þau tækifæri á innlendum hlutabréfamarkaði sem á hverjum tíma eru talin skila bestri ávöxtun með tilliti til áhættu. Sjóðurinn leggur áherslu á að fjárfesta í félögum sem sjóðstjóri telur undirverðlögð á mismunandi mælikvarða.

**Fjárfestingarheimildir –** Sjóðurinn hefur m.a. heimildir til að fjárfesta í innlendum hlutabréfum. Sjá nánar hér að neðan.

**Virk stýring –** Sjóðstjóri myndar sér skoðun eftir ítarlega greiningarvinnu og leggur mat á væntingar, markaðsaðstæður og verðlagningu. Sjóðstjóri beitir virkri fjárfestingarstefnu við stýringu sjóðsins og hefur að markmiði að skila fjárfestum betri ávöxtun en hlutabréfavísitalan (OMXI15GI) sem er viðmið sjóðsins en jafnframt að skila jákvæðri ávöxtun. Sjóðurinn hentar vel fjárfestum sem vilja ávaxta fé sitt á fjármálamörkuðum til lengri tíma með virkri stýringu. Gengi sjóðsins getur sveiflast töluvert.

| Helstu upplýsingar | |
|---|---|
| **Rekstrarform** | Sérhæfður sjóður |
| **Stofndagur** | 29.4.2026 |
| **Rekstraraðili** | Akta sjóðir hf. |
| **Stærð sjóðs** | 82,8 m.kr. |
| **Áhættuflokkun** | 4 af 7 |
| **Sjóðstjórar** | Fannar Jónsson |
| **Gjaldmiðill** | ISK |
| **Lágmarkskaup** | 10.000 kr. |
| **Sölutímabil** | 9:00 - 12:00 |
| **Gengisuppreikningur** | Daglega |
| **Uppgjör** | T+2 |
| **Skráning** | Rafrænt hjá VS |
| **Auðkenni** | AKTA VIRDI I |
| **ISIN** | IS0000039089 |
| Þóknanir og gjöld | |
| **Innlausnargjald** | 0 kr. |
| **Afgreiðslugjald við kaup** | Skv. gjaldskrá vörsluaðila |
| **Árleg umsýsluþóknun** | 1,5% |
| **Gengismunur** | 0% |
| **Viðmið** (Nasdaq OMX Iceland 15 GI) | OMXI15GI |
| **Árangurstengd þóknun** | 20% umfram viðmið |

## 10 stærstu eignir sjóðsins




## Atvinnugreinar (%)




## Eignasamsetning (%)




Akta sjóðir hf. | Kt. 430713-0940
Borgartúni 25, 8. hæð 105 Reykjavík

Hafðu samband | Sími: 585 6800
sjodir@akta.is

www.akta.is

AKTA

# Virði I

Hlutabréfasjóður

## Söguleg ávöxtun sjóðsins (%)




| Fjárfestingarheimildir | Vægi |
|---|---|
| **Hlutabréf** | **50–100%** |
| Hlutabréf skráð á skipulegan markað eða markaðstorg fjármálagerninga á Íslandi | 0-100% |
| - Þar af hlutabréf skráð á skipulegan markað eða markaðstorg fjármálagerninga erlendis sem eru einnig skráð á skipulegan makrað eða markaðstorg fjármálagerninga á Íslandi | 0-100% |
| **Skuldabréf** | **0-50%** |
| - Þar af skuldabréf og víxlar útgefnir af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess | 0-50% |
| - Þar af önnur skuldabréf og peningamarkaðsgerningar | 0-30% |
| - Þar af óskráð skuldabréf | 0-15% |
| **Annað** | |
| - Innlán fjármálafyrirtækja | 0-50% |
| - Skortstöður í hlutabréfum | 0-20% |
| - Hlutdeildarskírteini í sjóðum sem fjárfesta aðallega í skammtímafjármálagerningum | 0-20% |
| -Verðbréfalánveiting | 0-20% |
| -Valréttir | 0-30% |
| - Afleiður vegna gjaldeyrisvarna | 0-30% |
| - Afleiður vegna stöðutöku í hlutabréfum | 0-20% |

## Fyrirvari

**Fjárhagsleg áhætta** fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Vakin er sérsök athygli á að fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða er áhættusöm og getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

**Markaðsáhætta:** Hættan á tapi sjóðs vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni sjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða lánshæfi útgefanda.

**Lausafjáráhætta:** Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

**Rekstraráhætta:** Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

**Verðbólguáhætta:** Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

**Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánum fjármálafyrirtækja:** Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað. Þá er bent á að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingaverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

**Stjórnmálaáhætta:** Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórnvaldsákvarðana og stjórnmálalegs óstöðugleika.

*Nánar er fjallað um áhættuþætti í 15. kafla útboðslýsingar sjóðsins sem nálgast má á heimasíðu Akta.*

*Söguleg ávöxtun er hvorki áreiðanleg vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem í boði eru. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur og útboðslýsingar sjóða. Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.

**Akta sjóðir hf.** | Kt. 430713-0940
Borgartúni 25, 8. hæð 105 Reykjavík

**Hafðu samband** | Sími: 585 6800
sjodir@akta.is

www.akta.is